



# JAFNRÉTTISSTEFNA

Stefna þessi á við um Alcoa um allan heim og öll dótturfyrirtæki þess á alþjóðavettvangi og í Bandaríkjunum, hlutdeildarfélög, samstarfsaðila, áhættufyrirtæki og önnur viðskiptatengsl sem eru undir virkri stjórn Alcoa, beint eða óbeint (saman nefnt „fyrirtækið“) og alla forstjóra, stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins.

Samkvæmt gildi Alcoa, umhyggju, og vilja fyrirtækisins til að hlúa að traustu vinnuumhverfi án aðgreiningar, þar sem öryggi og virðing eru í heiðri höfð - ættu starfsmenn, verktakar og umsækjendur um vinnu ekki að verða fyrir fordómum eða ósanngirni vegna eiginleika sem ekki koma vinnu við, svo sem:

- Kynþáttur, húðlitur, þjóðerniseinkenni eða uppruni
- Kyn, kynsamsemd eða tjáning
- Aldur
- Kynhneigð
- Hjúskaparstaða
- Þungun
- Trúarbrögð
- Fötlun
- Herþjónusta
- Erfðaupplýsingar
- Önnur lögvernduð staða

Ákvarðanir um nýliðun, ráðningu, þjálfun, stöðuhækkun, flutning í starfi, agaaðgerðir eða önnur vinnutengd kjör eða skilyrði verða að grundvallast á hæfni og starfsreynslu. Ákvarðanir sem eru teknar á grundvelli eiginleika sem ekki tengjast starfi eru ekki í samræmi við stefnur okkar og eru ólöglegar í fjölmörgum löndum. Einstaklingar skulu fá réttláta og sanngjarna meðferð í allri ákvarðanatöku sem tengist starfi.

Þetta er alþjóðleg stefna og hún skal gilda um öll fyrirtæki á okkar vegum. Aðrar stefnur kunna að fyrirfinnast í ákveðnu landi eða landssvæði í samræmi við gildandi lög.

Ef þú verður fyrir eða ert vitni að framkomu sem þér finnst óréttlát, treystum við því að þú tilkynnir um þau áhyggjuefni til þess að tryggja að fyrirtækið starfi í samræmi við gildi þess, stefnur og siðareglur. Stefna Alcoa gegn hefndaraðgerðum setur strangt bann við hefndaraðgerðum gagnvart einhverjum sem tilkynnir atvik í góðri trú. Áhyggjuefni verða tafarlaust tekin til meðferðar af óhlutdrægni og í fullum trúnaði.